

Foreldrafélag Glerárskóla

13. janúar 2015

Mættir: Aníta, Brynja, Vilborg, Alma, Sigurlaug, og Líney.

1. Ákveðið að bjóða foreldrum upp á fyrirlestur frá Rauða Krossinum um sálrænan stuðning. Verður 23. febrúar. Takmarkaður fjöldi á hvern fyrirlestur svo við munum hafa skráningu.
2. Brynja ætlar að athuga með bolina sem við gáfum 1. bekkungum í fyrra. Við eigum nokkra boli sem við ætlum að athuga með að skila þar sem þeir hafa komið illa út eftir þvott og notkun. Þurfum helst að fá nýja til að afhenda í haust.
3. Ætlunin var að ræða vorhátíðina en málinu frestað fram á næsta fund. Von er á Eyrúnu skólastjóra á þann fund.
4. Aníta fór á fund hjá Samtaka. Tveir fyrirlestrar á dagskrá hjá þeim. Annar fyrirlesturinn er frá heimili og skóla fyrir 6. bekk og fjallar um snjallsíma og netnotkun barna og unglunga. Verður seinni partinn í janúar. Hinn fyrirlesturinn verður 26. febrúar í Hofi og er um fíkniefnamál á Akureyri.
5. Aníta fór einnig á fund hjá skólaráði fyrir jól. Næsti fundur á dagskrá í febrúar.
6. Vilborg gjaldkeri segir að eftir eigi að innheimta nokkuð í félagsgjöld.
7. Alma ætlar að athuga með seglana, fyrirtæki og verð.
8. Næsti fundur ákveðinn 9. febrúar kl. 16.30.

Fleiri mál ekki rædd og fundi slitið, Líney Elíasdóttir